

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag – Hafnarvík-Heppa.

Skipulagssvæðið saman stendur af 4 landnotkunarflokkum: Svæði fyrir þjónustustofnanir, miðsvæði, athafnasvæði og hafnarsvæði. Skipulagið er úr landi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Markmið með deiliskipulaginu er að stuðla að varðveislu húsanna sem standa enn í elsta byggðarkjarna Hafnar og að endurreisa mynd hans í fyllingu tímans.

Samþykkt í bæjarstjórn 7. desember 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæltu fyrir um og öðlast þegar gildi.

Höfn í Hornafirði, 4. janúar 2012.

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, yfirmaður umhverfis og skipulags.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2012